

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 89/2009**

**frá 3. júlí 2009**

**um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) XXI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 73/2009 frá 29. maí 2009 <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1338/2008 frá 16. desember 2008 um hagskýrslur Bandalagsins um lýðheilsu og heilbrigði og öryggi á vinnustað <sup>(2)</sup>.
- 3) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 19/2009 frá 13. janúar 2009 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 453/2008 um ársfjórðungslegar hagskýrslur um laus störf í Bandalaginu að því er varðar skilgreiningu á lausum störfum, viðmiðunardagsetningar vegna gagnaöflunar, forskriftir fyrir gagnasendingu og hagkvæmniathuganir <sup>(3)</sup>.
- 4) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 20/2009 frá 13. janúar 2009 um samþykkt forskrifta fyrir sérstaka einingu um samþættingu vinnu og fjölskyldulífs fyrir árið 2010 sem kveðið er á um í reglugerð ráðsins (EB) nr. 577/98 <sup>(4)</sup>.
- 5) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 36/2009 frá 11. júlí 2008 um gerð vöruskrár EB yfir iðnaðarvörur fyrir árið 2008 sem kveðið er á um í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3924/91 <sup>(5)</sup>.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

*1. gr.*

XXI. viðauki við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 18y (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 763/2008):  
  
„18z. **32008 R 1338**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1338/2008 frá 16. desember 2008 um hagskýrslur Bandalagsins um lýðheilsu og heilbrigði og öryggi á vinnustað (Stjtið. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 70).“

---

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 232, 3.9.2009, bls. 30, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 47, 3.9.2009, bls. 34.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 70.

<sup>(3)</sup> Stjtið. ESB L 9, 14.1.2009, bls. 3.

<sup>(4)</sup> Stjtið. ESB L 9, 14.1.2009, bls. 7.

<sup>(5)</sup> Stjtið. ESB L 18, 22.1.2009, bls. 1.

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

Stjórnvöld í Liechtenstein þurfa ekki að taka saman gögn samkvæmt ákvæðum þessarar reglugerðar nema að því er varðar gögn sem um getur í II. viðauka (heilsugæsla) og III. viðauka (dánarorsakir).“

2. Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 18va (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1062/2008):  
  
„18vb. **32009 R 0019**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 19/2009 frá 13. janúar 2009 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 453/2008 um ársfjórðungslegar hagskýrslur um laus störf í Bandalaginu að því er varðar skilgreiningu á lausum störfum, viðmiðunardagsetningar vegna gagnaöflunar, forskriftir fyrir gagnasendingu og hagkvæmniathuganir (Stjtið. ESB L 9, 14.1.2009, bls. 3).“
3. Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 18an (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 377/2008):  
  
„18ao. **32009 R 0020**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 20/2009 frá 13. janúar 2009 um samþykkt forskrifta fyrir sérstaka einingu um samþættingu vinnu og fjölskyldulífs fyrir árið 2010 sem kveðið er á um í reglugerð ráðsins (EB) nr. 577/98 (Stjtið. ESB L 9, 14.1.2009, bls. 7).“
4. Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 4af (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1165/2007):  
  
„4ag. **32009 R 0036**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 36/2009 frá 11. júlí 2008 um gerð vöruskrár EB yfir iðnaðarvörur fyrir árið 2008 sem kveðið er á um í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3924/91 (Stjtið. ESB L 18, 22.1.2009, bls. 1).“

## 2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerða (EB) nr. 1338/2008, 19/2009, 20/2009 og 36/2009, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

## 3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 4. júlí 2009 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

## 4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 3. júlí 2009.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar  
**O.H. Sletnes**  
formaður.

---

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

